



ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG SUÐURLANDS
SAMRÆÐA UM STEFNU



Aðalfundur 2011

EFNISYFIRLIT

Samantekt	3
1. Inngangur	5
2. Hlutverk	6
3. Árangur og væntingar	7
3.1 Efling atvinnulífs	7
3.2 Nýsköpun.....	7
3.3 Byggðaðróun	7
3.4 Eitt svæði, ólíkar þarfir	8
3.5 Markhópur	8
3.6 Frumkvæði	8
3.7 Kynning.....	8
3.8 Rekstur	9
4. Að meta árangur	10
5. Þjónusta og viðfangsefni	10
6. Sveitarfélögin	11
7. Hugleiðingar	11
8. Þversagnir	14
9. Næstu skref	14
10. Að lokum	15



Umsjón ILDI ehf., starfsmenn Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Ingi Hans Jónsson.

Ljósmyndir eru fengnar frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands.

ILDÍ þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

SAMANTEKT

Á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, í október 2011, var efnt til samræðu með það að markmiði að nýta til stefnumótunar fyrir félagið, með virkri þátttöku um 50 fulltrúa frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Í fyrri hluta umræðunnar leituðu þátttakendur að lykilsurningum varðandi framtíð APS og í þeirri síðari skilgreindu þeir væntingar til félagsins og árangur. Síðar sama dag var samþykkt að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að sameina Atvinnuþróunarfélagið og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Stórt var spurt: Af hverju erum við með APS? Getum við gert hlutina öðruvísi? Hvað ef APS væri ekki til staðar? Þannig voru grundvallaratriði tekin til skoðunar varðandi tilvist félagsins og hlutverk og hvort það sé á réttri leið og kallað eftir því að skerpa á hlutverki þess.

Í umræðu um árangur og væntingar, sveitarfélaga og atvinnulífs kom fram að árangur þurfi að vera mælanlegur og sýnilegur. Lykilatriðin voru talin vera efling atvinnulífs og byggðaðpróun, nýsköpun og góð þjónusta við markhópinn; fyrirtæki og frumkvöðla. Kallað var eftir virkri kynningu og frumkvæði félagsins og rætt um leiðir til að hagræða í rekstri. Fram kom að svæðið er ólíkt og þarfinnar því ólíkar.

Rætt var um að gefa ráðgjöf meira vægi en styrkveitingum og skiptar skoðanir virðast vera um hvort eigi að þrengja markhópinn og leggja meiri áherslu á að þjónusta stærri fyrirtæki. Fram kom að styrkja þurfi tengslin milli APS og sveitarfélaganna á báða bóga.

Í skilaboðum fundarins er að finna nokkrar þversagnir. Væntingar eru miklar, en þó áhersla á hagræðingu. Skoðanir á starfi félagsins virðast byggjast á mis mikilli þekkingu. Bakland sveitarfélaganna þyrfti að vera sterkara, en óvíst að það sé mögulegt vegna starfsumhverfis sveitarstjórnarfulltrúa.

Meðal sveitarfélaganna hafa verið viðraðar hugmyndir um róttækar breytingar á starfsemi; starfssvæði og starfsstöðvum, en þær raddir heyrðust ekki á fundinum, sem vekur spurningu um hvort hafi vantað lykilmál.

Áhersla er á að standa vörð um stuðning við atvinnuþróun, verði af sameiningu við SASS, að mati þátttakenda. Kallað er eftir svæðisbundinni greiningu á tækifærum, þannig að unnið verði markvisst með minni svæðum og/eða einstökum sveitarfélögum. Vera má að það sé óraunhæft að ná algjörri sátt um starfsemi félagsins, en fróðlegt væri að gera hagsmunaaðilagreiningu og forgangsraða áherslum, með það að markmiði að skerpa frekar á því hver vilji sveitarfélaganna á Suðurlandi er varðandi stuðning við atvinnuþróun. Á umræðum á aðalfundinum er ekki annað að sjá en að Sunnlendingar vilji metnaðarfullt starf að atvinnuþróun.

Markmið atvinnuþróunarfélagsins eru:

- að veita einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum rekstrarráðgjöf varðandi rekstur viðkomandi,
- að veita styrki til verkefna á starfssvæði félagsins,
- að vinna að þróunarverkefnum fyrir starfssvæðið allt og einstaka hluta þess,
- að vinna að eflingu atvinnu- og athafnalífs á starfssvæði félagsins,
- að vinna að verkefnum á sviði atvinnu- og athafnalífs sem tengjast stefnu stjórnvalda á starfssvæðinu.

Úr samþykktum Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

1. INNGANGUR

Á aðalfundi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, sem haldinn var í Vík í Mýrdal, laugardaginn 29. október 2011, var efnt til samræðu með það að markmiði að nýta til stefnumótunar fyrir félagið. Um 50 fulltrúar sveitarfélaga á Suðurlandi tóku þátt í umræðunni. ILDI hafði umsjón með umræðunni sem fór fram með svokölluðu Heimskaffi sniði.¹ Markmið aðferðarinnar er að allir hafi jafna möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að draga fram það sem þátttakendur eru sammála um. Hver umræða samanstendur af þremur umferðum, fólk byrjar í einum hópi og færir sig síðan í annan en kemur loks til baka í fyrsta hópinn áður en niðurstöður eru dregnar saman.

Þátttakendur ræddu saman í fjögurra til fimm manna hópum, um eina grundvallarspurningu, skráðu afrakstur umræðunnar niður á stórt blað og tóku síðan saman niðurstöður í lokin.

Í fyrri umræðu var verið að leita að lykilspurningu og spurt;

„Hvaða spurning, ef til væru svör,

gæti skipt sköpum fyrir þróun Atvinnuþróunarfélags Suðurlands inn í framtíðina?“

Þegar hóparnir höfðu skilað niðurstöðum, urðu þær efniviður í aðra spurningu sem rædd var í þrjár umferðir;

Hvaða árangri viljum við ná fyrir sveitarfélögin, atvinnulífið og frumkvöðlana og hverjar eru væntingarnar?

Þessi samantekt byggir á afrakstri samræðunnar, því sem hóparnir skiluðu af sér sem niðurstöðum, ásamt öllum ábendingum og hugmyndum sem rötuðu niður á blað meðan umræðan fór fram.



¹ www.theworldcafe.com

2. HLUTVERK

Stórt var spurt: Af hverju erum við með APS? Viljum við Atvinnuþróunarfélag? Getum við gert hlutina öðruvísi? Er grunnhugsunin á bak við APS í þeirri mynd sem það er núna að skila þeim árangri sem ætlast er til? Hvað ef APS væri ekki til staðar?

Þannig voru grundvallaratriði tekin til skoðunar varðandi tilvist félagsins og hlutverk og hvort það sé á réttri leið og kallað eftir því að skerpa á hlutverki þess. Spurt var hvort það sé sveitarfélaganna að vera með atvinnuþróun og jafnframt hvort eigi að efla starfsemi APS á krepputímum og/eða draga úr starfsemi góðæri?

Varðandi hlutverk var spurt hvort APS eigi að móta stefnu í atvinnumálum á Suðurlandi og hvort félagið eigi að standa að flutningi fyrirtækja og stofnana af höfuðborgarsvæðinu. Hvort það eigi að vera bæði í stórum og smáum verkefnum.

Kallað var eftir aukinni samhæfingu þeirra stofnana sem eru að vinna að atvinnuþróun, hvort heldur starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga.

Spurt var hvort Atvinnuþróunarfélagið sé orðið of sjálfhverft.

Rætt var um hagsmunaárekstra innan svæðisins og minnkandi samstöðu og spurt hvaða áhrif það hafi á félagið.

Einn hópur spurði þeirrar spurningar hvort sé þörf fyrir APS og svaraði henni játandi, að hlutverk félagsins sé að efla samtakamátt og að nálægðin við Reykjavík hafi neikvæð áhrif á samstöðu Sunnlendinga.

Þó fundargestir hafi leyft sér að spyrja grundvallarspurninga um starfsemina í fyrri umræðu virtust í síðari umræðunni ekki vera uppi efasemdir um tilvist félagsins, þar sem fram komu miklar væntingar og vonir um árangur gagnvart því stuðningshlutverki við atvinnuþróun sem APS hefur með höndum.




3. ÁRANGUR OG VÆNTINGAR

Í síðari hluta umræðunnar var spurt um árangur og væntingar. Hverjir eru mælikvarðarnir á árangur félagsins, að mati sveitarstjórnarfólks? Niðurstöður þeirrar umræðu fara hér á eftir og hafa verið flokkaðar eftir helstu efnispáttum.

3.1 EFLING ATVINNULÍFS

Fjölbreytt og öflugt atvinnulíf er það sem mestu skiptir varðandi árangur APS. Halda þurfi þeim störfum / atvinnutækifærum sem nú eru í fjórðungnum með því að hlúa betur að þeirri starfsemi sem fyrir er. „Börnin heim!“, sagði einhver. Búa þurfi til fleiri störf, gjarnan sérfræðistörf og draga úr atvinnuleysi. Fram komu draumar um hærra tekjustig og 2500 störf fyrir árið 2020.



3.2 NÝSKÖPUN

Leggja á áherslu á nýsköpun og skapandi hugsun, t.d. með námskeiðum og stuðning þannig að viðskiptahugmyndir verði að veruleika.

3.3 BYGGÐAÞRÓUN

Með öflugu atvinnulífi verður fólksfjölgun og / eða minni fólksflótti, fjölbreyttara menningarlíf og auknar tekjur rata í sveitarsjóði. Markmiðið sé að gera hvert sveitarfélag spennandi valkost atvinnulega séð.

Fram komu draumar um aukna menntun og bætta samgöngur á landi og sjó.

3.4 EITT SVÆÐI, ÓLÍKAR ÞARFIR

Bent var á að þarfir mismunandi svæða innan starfssvæðis félagsins séu ólíkar og spurt: „Hafa allir sunnlendingar sömu hagsmuni af tilvist Atvinnuþróunarfélags?“.

Kallað var eftir greiningu og betri nýtingu á þeim auðlindum, tækifærum og auði sem eru á hverju svæði fyrir sig og almennt að horft verði í vaxandi mæli á atvinnuþróunarstarfið svæðisbundið, styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri og mat á árangri.


3.5 MARKHÓPUR

Spurt var hver sé markhópurinn fyrir þjónustu APS.

Almennt var talað um að Atvinnuþróunarfélagið eigi að þjónusta bæði stór og smá fyrirtæki, en þau sjónarmið eru þó uppi að setja eigi krafta í að laða að stór(t) fyrirtæki, eða leggja meiri áherslu á að þjóna stórfyrirtækjum. Ánægja þeirra sem

eru að nota þjónustuna sé einn af mælikvörðunum á árangur.

Rætt var um hvernig mætti efla samstarf félagsins við atvinnulífið og hvernig styrkir og ráðgjöf séu að skila sér út í atvinnulífið. Einnig hvort hægt sé að auðvelda og einfalda aðgengi að stoðkerfi atvinnulífsins.



3.6 FRUMKVÆÐI

Ýmsir töldu mikilvægt að APS sýni meira frumkvæði í því að greina tækifærin, sækja fram og fara til fyrirtækja og leita eftir hugmyndum frá þeim um þróun á þeirra starfsemi. Eða e.t.v. koma sjálfst með hugmyndir, fræðslu og þekkingu til fyrirtækjanna.

3.7 KYNNING

Æskilegt er, að mati þátttakenda að kynna starfsemi og árangur APS betur og gera það sýnilegra, t.d. að félagið „...auglýsi og sýni verkefni sem það hefur komið að“. Eða að frumkvöðull kynnti sitt starf og segði frá aðkomu APS, eins konar „jafningjafræðsla“. Kynning þurfi að beinast að fyrirtækjum, einstaklingum og

fulltrúum í sveitarstjórnnum og spurt hvort ætti sérstaklega að kynna félagið í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa verið að nýta sér þjónustuna.

Varpað var fram þeirri hugmynd að sveitarfélögin setji tengil inn á sínar vefsíður, gátt inn á APS, ætlað þeim frumkvöðlum sem eru að leita sér stuðnings við að gera hugmynd að veruleika, „Við getum hjálpað“.

Spurt var hvort íbúar sveitarfélaganna viti að matarsmiðjurnar á Höfn og Flúðum eru fyrir allt Suðurland.

Á einu borði hafði hópur spurt: „Getum við gert APS sýnilegra fyrir almenning?“ og svarað: „Já, dropinn holar steininn“.



3.8 REKSTUR

Rætt var um rekstur og hagræðingu sem einn mælikvarða á árangur. Umræðan fór fram fyrir hádegi og eftir hádegi þann sama dag var tekin ákvörðun um að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að sameina Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Það kemur því ekki á óvart að hugmynd um þá sameiningu var mörgum ofarlega í huga í umræðunni. Varpað var fram ýmsum spurningum í þessum dúr: „Eigum við að sameina APS og SASS? Hvernig? Á að breyta yfirstjórn?“

Kallað var eftir endurskoðun á hlutverki SASS með tilliti til sameiningar APS og SASS, með áherslu á atvinnuþróun, enda séu öll mál í grunninn atvinnutengd.

Hagræðing var þátttakendum nokkuð hugleikin og spurt hvort hægt sé að hagræða í rekstrinum án þess að það komi niður á þjónustu, t.d. með sameiningu eða sjálfbærni og komu fram væntingar um að með sameiningu við SASS náist betri nýting fjármuna.

Fram kom eftirfarandi ábending: „Áberandi hvað öll útgáfa APS var í miklum glansstíl. Þykkur pappír og „fancy“ umbrot. Ársreikningur og endurskoðendapjónusta mjög dýr!“.

Upp komu vangaveltur um laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa og spurning um hvort hægt væri að minnka yfirbygginguna og færa starfsemina nær grasrótinni – án þess þó að það væri skýrt nánar.

Hjá einum hópi hafði þetta ratað niður á blað: „Vinna næsta árs: Ein stjórn + einn framkvæmdastjóri. Sameining verður að efla starfið. Auglýsa eftir framkvæmdastjóra og ný stjórn kosin. Skoða fjölda fulltrúa í stjórn. Erum ánægð með starfsemi APS í dag“.

4. AÐ META ÁRANGUR

Nokkuð var spurt í fyrri hluta samræðunnar: „Hvernig er árangur verkefna APS metinn?“ og kom fram að árangur þurfi að vera mælanlegur og sýnilegur.

Vitnað var í starfsskýrslu 2010 – 2011, þar sem segir um fundi og ráðstefnur: „Fundirnir voru vel sóttir víðast hvar og var fólk ánægt með að fá slíkan fróðleik á heimaslóðum samanpakkaðan“. Varpað var fram þeirri spurningu hvort þetta væri „alvöru árangursmæling“, hvort einhver eftirfylgni hefði átt sér stað eða hvort þetta

hefði verið tímaeyðsla? Þessi skilaboð eru frá einum hópi, en í niðurstöðum var hinsvegar lögð mikil áhersla kynningu, sbr. kafla 3.7. hér á undan.

Þá var spurt hvernig APS er, samanborið við önnur atvinnuþróunarfélög.



5. ÞJÓNUSTA OG VIÐFANGSEFNI

Nokkur umræða varð um þjónustu og viðfangsefni Atvinnuþróunarfélagsins. Fram kom það sjónarmið að það eigi ekki lengur að vera markmið félagsins að eiga í félögum.

Varðandi styrki, var að mestu samhljómur í því að félagið eigi frekar að leggja áherslu á ráðgjöf en að veita styrki sjálfst en hinsvegar að veita leiðbeiningar og milligöngu um styrki frá ríki og erlendis frá. Félagið gæti t.d. verið með „Evrópustofu“.

Önnur verkefni sem nefnd voru sérstaklega voru nýsköpunarnámskeið, að gera bændum auðveldara að selja beint frá býli og standa að átaki fyrir atvinnulausa, t.d. við málningu stofnana, stígagerð og fleira þess háttar.

Nefnd var góð reynsla af því að senda aðila til Atvinnuþróunarfélagsins og að þau sem þar starfa séu „Dugleg að vísa veginn“. Ein af þeim væntingum sem rötuðu á blað í niðurstöðum var „Greiður aðgangur að bestu fánlegu sérfræðilækningunni“. Væntingarnar eru því miklar, þrátt fyrir óskir um hagræðingu.

6. SVEITARFÉLÖGIN


Samband Atvinnuþróunarfélagsins og sveitarfélaganna var nokkuð til umræðu. Spurt var hvort Atvinnuþróunarfélagið standi undir þeim væntingum sem sveitarfélögin hafa til þess og hvort það sé að skila þeim þeim ávinningi sem að er stefnt.

Kallað var eftir meira frumkvæði sveitarfélaganna og að þau sýni meira frumkvæði í að nýta sér þjónustuna – en jafnframt spurt hvernig það gæti birst. Einnig að sveitarstjórnir þurfi að vera duglegri við að vísa verkefnum til Atvinnuþróunarfélagsins og spurt hvort sveitarstjórnarmenn séu nógu meðvitaðir um hvaða möguleikum félagið býr yfir.

7. HUGLEIÐINGAR

Hver eru skilaboðin úr umræðunni? Þær spurningar sem þátttakendur vörpuðu fram í fyrri umferð umræðunnar, fela í sér upplýsingar um hvað sveitarstjórnarfolk þekkir í starfsemi félagsins og hvað það þekkir ekki. Ríki og sveitarfélög leggja fjármuni til rekstrar atvinnuþróunarfélaga en þau eru fyrst og fremst að þjónusta þriðja aðila, fyrirtæki og frumkvöðla. Verkefnin eru oft þess eðlis að gæta þarf trúnaðar við þá sem verið að þjónusta og því ekki alltaf hægt að segja frá verkefnum, sem gerir árangurinn ósýnilegri en ella. Sveitarfélögin eiga meirihluta stjórnarmanna í APS og eru því leiðandi, en hagur þeirra af starfseminni er óbeinn, þó ótvíræður sé.





Nýjar sveitarstjórnir taka við á fjögurra ára fresti og þetta gerir það að verkum að starfsfólk og stjórnir APS á hverjum tíma eru leiðandi og stefnumarkandi um starfsemina en sveitarfélögin ekki að sama skapi, þó væntingar þeirra séu miklar. Er hægt að rækta þetta samband APS og sveitarfélaganna betur? Hugmyndin um staðbundna greiningu á tækifærum er verð frekari skoðunar, sem og svæðisbundin nýsköpunarnámskeið. Mörkun atvinnustefnu fyrir einstök sveitarfélög eða svæði gæti verið gagnleg til að styðja ákveðna þróun, sérstaklega ef fjármagn fylgir. Hins vegar er ekki þar með sagt að frumkvöðlar fái endilega hugmyndir innan þess ramma. Og frumkvöðlarnir eru þó kannski dýrmætasti markhópur félagsins, ef þjónustan virkar fyrir þá, þá næst árangur.

Þegar félagið var stofnað voru aðstæður allt aðrar en þær eru í dag. Hefur félaginu tekist að vera nægilega „dýnamískt“ og laga sig að breyttum tímum? Félag af þessu tagi hefur ákveðna sögu í farteskinu sem hefur áhrif á ímynd, væntingar og viðhorf í garð þess. Á fyrstu árum félagsins var lykilorðið „atvinnuþróun“ en nú er það „nýsköpun“. Einhvern daginn vísar það fyrir nýju hugtaki. Þá voru reistir iðngarðar en nú eru stofnuð frumkvöðlasetur og talað um skapandi greinar. Hvernig getur APS – og nú sameinað SASS, svarað kalli tímans?

Fjölbreytt atvinnulíf og íbúuþróun var þátttakendum mjög ofarlega í huga. Þar gegnir stoðkerfi atvinnulífsins lykilhlutverki, en það eru svo margir þættir sem ráða þar árangrinum og væntingarnar til APS eru kannski ekki fyllilega raunhæfar miðað við umfang starfseminnar og fjármagn.

Þegar kemur að því að móta starfsemi félagsins að nýju er mikilvægt að byrja á að skilgreina hverju er svigrúm til að breyta og hverju ekki. Atvinnuþróunarfélög hafa


ákveðið skilgreint hlutverk sem þau þurfa að sinna, hvernig sem rekstrinum er háttað. Að því frátöldu er svigrúm til stefnumörkunar og mikilvægt að nýta það tækifæri sem nú gefst með sameiningu SASS og APS.

Kallað var eftir mati á árangri, sem gerir kröfu um mælanleg markmið. Hvar er jafnvægið milli þess að vinna eftir áætlunum og meta árangur og að vera sveigjanlegt til að geta sinnt og stutt við frumkvöðla og nýsköpun? Þá þarf líka að hafa í huga að það fer tími í að meta árangur.

Fjölmíðlar gegna lykilhlutverki í að móta skoðanir. Aðgengi atvinnuþróunarfélaga og annarra opinberra stofnana að fjölmíðlum er ekki það sama og ýmissar annarrar starfsemi. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands á ekki sömu möguleika á umfjöllun og Tobba Marinós.

Í umræðunni bar orðið „sjálfhverfu“ á góma. Það er alltaf tilhneyging hjá okkur manneskjunum að vera sjálfhverf og „stofnanir“ eins og APS geta auðveldlega orðið það. Það sama á við um sveitarfélög og sveitarstjórnarfolk. Þá er sú hættu fyrir hendi að við mótum okkur skoðanir án þess að hafa kynnt okkur málin. Það getur verið gagnlegt að vera vakandi fyrir eigin takmörkunum að þessu leytnu.

Ef verið væri að byrja upp á nýtt, hvernig myndu Sunnlendingar vilja sinna ráðgjöf við frumkvöðla? Dýrmætasti markhópurinn er frumkvöðlar, hvort heldur þeir eru inni í starfandi fyrirtækjum eða eru að stíga sín fyrstu skref. Sumir geta náð árangri en aðrir ekki. Stuðningurinn er alltaf mikilvægur. Hvað myndi breytast ef sveitarstjórnir og Atvinnuþróunarfélagið skilgreindu samstarf sitt upp á nýtt með það að leiðarljósi að vera bandamenn í að styðja frumkvöðla? Ef þessir tveir aðilar ákvæðu það að vera í sama liði og auka traust sín á milli.



8. ÞVERSAGNIR

Fram koma nokkrar þversagnir í skilaboðum úr samræðunni. Væntingarnar eru miklar, en vangaveltur um laun starfsmanna og áhersla á hagræðingu. Það er eðlilegt þar sem sveitarfélögin eru sjálf að þrengja að í sínum rekstri. Starfsemi félagsins byggir alfarið á þekkingu og hæfni starfsfólksins og þarna þarf því að finna hinn gullna meðalveg, ef ekki á að fórna árangri.

Hlutverk sveitarfélaganna er að vera bakland við APS, ekki aðeins fjárhagslega, heldur einnig „móralskt“. Félagið þyrfti á því að halda að þetta bakland væri sterkara þannig að sveitarstjórnarfolk, en ekki bara stjórn, gæti verið vel inni í málum félagsins og átt ríkari þátt í að móta stefnu þess. Á þessu eru augljós takmörk þar sem sveitarstjórnarfulltrúar eru störfum hlaðnir og sinna mikilli sjálfboðavinnu í þágu sinna sveitarfélaga. Hættan er þó sú að til verði hugmyndir og skoðanir á starfsemi félagsins án þess að fólk hafi haft tækni á að setja sig nægilega vel inn í málin.

Þá má spyrja hvort það sé e.t.v. óraunhæft að sveitarfélögin á Suðurlandi geti orðið sammála um áherslur, þar sem þarfir þeirra og sýn sé svo ólík.



Fram kom á fundum með stjórn og framkvæmdastjóra að uppi hafi verið umræður um að skipta starfssvæði félagsins upp og/eða fjölga eða færa til starfsstöðvar. Engin slík skilaboð komu fram á fundinum. Það vekur þá spurningu hvort hafi vantað lykilmál á fundinn. Ef svo er, veikir það niðurstöðurnar.

9. NÆSTU SKREF

Næsta stóra skrefið er þegar komið í áframhaldandi farveg, þ.e. skoðun á sameiningu APS og SASS.

Það kann að vera fróðlegt fyrir stjórn að vinna hagsmunaaðilagreiningu til að kortleggja stöðu og vilja einstakra sveitarfélaga og/eða einstaklinga sem geta haft áhrif á þróun félagsins. Hver er þeirra vilji og afstaða? Komu þessi sjónarmið fram á fundinum?

Kallað er sterkt eftir svæðisbundinni kortlagningu á tækifærum til atvinnusköpunar. Þar gætu sum sveitarfélög verið sér og önnur í samstarfi innan fjórðungsins, allt eftir

Því hvað er vænlegast til árangurs að þeirra mati. Með því að gefa sveitarfélögunum sjálfum aukið vægi sem „viðskiptavina“, gæti það aukið styrkinn í baklandinu.

Æskilegt væri að skilgreina væntingar um árangur frekar og forgangsraða, en þá þarf að vera trygg aðkoma þeirra sem mestu geta ráðið um starfsemi félagsins.

10. AÐ LOKUM

Samræðan á fundinum gaf ekki þau skilaboð að eigi að umbylta starfi eða hlutverki Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, heldur að það sé mikilvægt að standa vörð um þá starfsemi sem það sinnir, verði af samruna við SASS. Á hinn bóginn spyr sveitarstjórnarfólk margra spurninga og e.t.v. þarf að bregðast við þeim frekar, upplýsa eða taka lengra.

Einnar grundvallarspurningar var þó ekki spurt og það var hvernig atvinnu- og byggðaðróun á sér stað. Annars vegar sinna ríki, sveitarfélög og stoðkerfi atvinnulífsins mikilvægu hlutverki. Hins vegar eru frumkvöðlarnir, einstaklingar eða fyrirtæki, sem hafa neista og hugmyndir sem þeir vilja gera að veruleika. Flest viljum við vinna að okkar eigin hugmyndum en ekki annarra. Það þarf því kannski að gæta að því að njörva verkefni ekki svo mikið niður að ef hugmyndir frumkvöðla passa ekki inn í „rammann“ þá fái þær ekki brautargengi hversu góðar sem þær eru.

Það má líka spyrja hversu raunhæft það sé að „öll dýrin í skóginum geti verið vinir“. Er starfsemi eins og sú sem Atvinnuþróunarfélagið sinnir og starfsumhverfið einfaldlega þannig að það verði alltaf skiptar skoðanir og jafnvel átök? Og að það að breyta þessu taki of mikinn tíma og peninga frá því sem er raunverulegt hlutverk, að styðja við og efla atvinnulíf á Suðurlandi.

Að lokum vil ég leggja þessi orð sem veganesti inn í framtíð APS og þeirrar starfsemi sem það sinnir: „Sveigjanleiki, frumkvæði, traust, bandamenn og opinn hugur“.



Með góðum óskum,
Sigurborg Kr. Hannesdóttir